



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2010
Mál nr. 1003003

Efni: Umsögn, aflaráðgefandi nefnd, 305. mál.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, 305. mál, aflaráðgefandi nefnd.

Tekið er undir það sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að mikilvægt sé að byggja á þeirri viðamiklu þekking og reynslu sjómanna og útvegsmanna og þeim umfangsmiklu gögnum sem verða til við störf þeirra við mat á ástandi og veiðipoli fiskistofna.

Má þar nefna gögn þau sem að skráð eru í afladagbækur og þær upplýsingar sem safnast við fiskvinnslu bæði á sjó og í landi um fjölda og stærðardreifingu fiska. Mikilvægt er að efla samstarf vísindamanna við sjómenn og útvegsmenn og samþætta upplýsingaöflun og þekkingu þeirra.

Það er mat samtakanna að eðlilegt sé að þeir aðilar sem málið varðar finni sér sjálfir farveg til að ná ofangreindum markmiðum í stað þess að lögfesta þá skipan sem lögð er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.